

## Dagur rímnalagsins 15. september

**Rímur og raf – rímnatónleikar** kl. 20:00 í Máli og menningu, Laugavegi 18. Fram koma m.a. Ragnheiður Gröndal, Pétur Húni Björnsson, Gunnar Benediktsson, Ingimar Halldórsson, Bára Grímsdóttir og Kristín Lárusdóttir.

## Dagskrá Iðunnar haustið 2021

Því miður geta fundir félagsins ekki lengur verið í Gerðubergi. Leigan þar hefur hækkað margfalt svo við höfum þurft að leita annað. Við höfum fengið inni í Tónskóla Sigursveins í sal skólans í Hraunbergi 2 og þökkum við skólastjóranum kærlega fyrir það. Kvæðalagaæfingar verða þó áfram í félagsstarfi Gerðubergs á fyrstu hæð.

Eins og áður mun félagið standa fyrir söngvökum og verða þær á miðvikudagskvöldum einu sinni í mánuði undir stjórn Chris Fosters og Báru Grímsdóttur. Söngvökurnar verða til húsa í Gröndalshúsi í Fischersundi og verða þar sungin og kennd ýmis þjóðlög.

Félagar eru hvattir til að taka þátt í starfsemi Iðunnar og taka með sér gesti.

Á þessari haustönn verða dagsetningar á fundum Iðunnar, kvæðalagaæfingum og söngvökum á þessa leið:

### **Kvæðalagaæfingar – Gerðuberg**

miðv. 6. okt. kl. 19:00

miðv. 3. nóv. kl. 19:00

miðv. 1. des. kl. 19:00

### **Fundir – Hraunberg 2**

**Tónskóli Sigursveins**

föst. 8. okt. kl. 20:00

föst. 5. nóv. kl. 20:00

föst. 3. des. kl. 20:00

### **Söngvaka – Gröndalshús**

miðv. 20. okt. kl. 19:00

miðv. 17. nóv. kl. 19:00

miðv. 15. des. kl. 19:00

**Mínum á aðalfundinn 8. október kl. 20:00**



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

137. tölublað – 41. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ágúst 2021

Ábm: Bára Grímsdóttir

## **Haustferð Iðunnar laugardag 4. september**

Haustferðin verður að þessu sinni farin um Árnessýslu. Lagt verður af stað frá BSÍ kl. 8:00 stundvíslega. Leiðin liggur um Mosfellsheiði að Þingvöllum þar sem tækifæri gefst til að litast um. Þaðan verður svo haldið í heimsókn að Búrfelli í Grímsnesi, þar sem Ólöf Erla og Sigurður dýralæknir munu taka á móti okkur. Í Friðheimum í Reykholti fáum við ljúffenga súpu, förum í gróðurhús og fræðumst um hvernig ræktun fer þar fram í sátt við náttúruna. Á Flúðum gefst kostur á að baða sig í Gömlu lauginni eða skoða hverasvæði staðarins og fá sér kaffi. Þaðan liggur svo leiðin í Forsæti í Flóahreppi þar sem áhugavert gallery þeirra hjóna, Ólafs og Bergþóru, er að finna. Þar er líka lifandi listasmiðja sem varðveitir sögu hagleiks og uppfinninga og síðast en ekki síst tréskurðarlist Siggu á Grund. Að Austur-Meðalholtum munum við síðan líta á menningarsetrið Íslenska bæinn. Loks verður sest að snæðingi á veitingastaðnum Kríunni í nánd við Selfoss. Þar er boðið uppá grillað lambalæri með meðlæti eða grænmetisrétt fyrir grænkeru og skyrtertu í eftirrétt. Þar er einnig góð aðstaða til að kveða og leika á hljóðfæri.

Áætluð heimkoma er kl. 21:30.

Verð fyrir Iðunnarfélagi er kr. 10.000. Innifalið í því er rútan, aðgangseyrir, leiðsögn og matur. Þeir sem fara í laugina borga 2.400 kr. aukalega (sem er hópverð), (67 ára og eldri 2.200 kr.) og þurfa að muna eftir sundfötum og láta vita um fyrirætlun sína við skráningu.

Þátttaka tilkynnist Kristni Guðmundssyni á netfangið [kristinnkg@gmail.com](mailto:kristinnkg@gmail.com) eða í síma 847-7156 fyrir miðvikudaginn 25. ágúst.

– Munið að skrá óskir ykkar og láta símanúmer fylgja.

Geisla yfir byggðir ber,  
bárur glitra lætur,  
morgunsól er mjakar sér  
milli dags og nætur.  
Sigrún Haraldsdóttir

### **Kjördagur framundan ...**

Sitthvað er að vita og vilja,  
vefst það fyrir kauðunum.  
Helst við ættum hér að skilja  
hafrana frá sauðunum.

En undarlegt það óráð tel,  
að því kveður nokkuð rammt  
að þó hún sauðinn þekki vel,  
þjóðin gjarnan kýs hann samt.  
Gunnar J. Straumland

### **Sumarfrí**

Bursta tennur, brækur í  
báðum fótum renni.  
Út í sól og sumar flý  
síðan ... ef ég nenni.  
Helgi Zimsen

Faldi skærum sveipast sær  
sólin hlær og guðsrödd talar.  
Laufið bærir ljúfur blær  
lindin tær við blómin hjalar.  
Ingólfur Ómar

Kæri móinn keppist við  
að klæðast nýjum spjörum,  
sæla og góða sumarið  
sýnist vera á förum.  
Sigrún Haraldsdóttir

### **Raunsæi...**

Varla auka vísur mínar  
veraldarauð,  
en þær raunar eru fínar  
ofaná brauð.

Gunnar J. Straumland

Leiktu þér við ljóðaspil  
lífs með gleðifuna.  
Láttu fögnuð ást og yl  
auðga tilveruna.  
Ingólfur Ómar

Fölnar sólar glaða glit,  
grána börð og skriður.  
Grösin sínum græna lit  
glutrað hafa niður.  
Sigrún Haraldsdóttir

### **Vísa um ekki neitt**

Ég yrki nú helbera háttleysu  
með ljóðstafa lími  
sem lafir á rími.  
Og nefna ég ætti helst náttleysu  
en get ei þótt glími  
svo gagnslaus ég hími.  
Nú þjáist af magnaðri máttleysu  
og stíflu á stími  
af stuðlanna flími.  
Ég lýk því í algjörri áttleysu  
þá kannski loks kími  
því kominn er tími.  
Sigurlín Hermannsdóttir

Upp úr gígnum eldur þeytist  
undir niðri rymur jörðin.  
Brunahraun um bungur flæðir  
brennir funi gróðursvörðinn.  
Fjalls við rætur kvikan kraumar  
kröftug bræðir grjót og skriður.  
Líkt og elfarstraumur stríður  
streymir hraun í dalinn niður.  
Ingólfur Ómar

Er grímuskyldan var búin í bráð  
birtist minn forljóti kjaftur  
þá fékk ég í sannleika sárum það ráð  
að setja upp grímuna aftur.  
Gunnar J. Straumland

### **Kveðið við leiði Sigurðar Breiðfjörð á dánardægri skáldsins 21. júlí**

Rímnaskáldið virðum vér.  
Vinsemd held það sýni  
dreypiförn við færum þér  
fína úr brennivíni.

Lengi máttu liggja hér,  
lúin hvíla beinin.  
Vínið þér að beði ber,  
bulla læt á steininn.

Fræg þæg núna fúna bein.  
fátt mátt streða í beði.  
Við nið ljóða, hljóðin hrein,  
hátt dátt kveð af gleði.

Sigurð Breiðfjörð hyllum hér,  
heiðrum minninguna  
hans sem var og áfram er  
öllum ljóð sem muna.

Helgi Zimsen (ort 20. júlí 2021)

### **Bólusetningarblús**

Ég fékk boð, en ekki frá Pfizer  
þeir fullyrtu: Astra svo næs er.  
Fékk ból'efnastungu  
fékk blóðtappa í lungu.  
Nú blóðþynning fæ ég frá Pfizer.  
Sigurlín Hermannsdóttir

Skreyta glæður skýjaslóð  
skarlatsslæðu mynda.  
Sól að græði rennur rjóð  
roðar hæð og tinda.  
Ingólfur Ómar